

Álit minnihluta utanríkismálanefndar til fjárlaganefndar

Undirritaður, fulltrúi þingflokks Vg í utanríkismálanefnd, tekur undir það sem fram kemur í nefndaráliti meirihluta utanríkismálanefndar að aukning framlaga til þróunarsamvinnu er fagnaðarefni og sömuleiðis að mikil þörf er á að styrkja stöðu utanríkismálanefndar til að sinna og fylgja eftir auknum umsvifum og auknum fjármunum sem ráðstafað er undir utanríkisráðuneytinu, einkum og sér í lagi til þróunarsamvinnu, til aukinna verkefni á sviði friðargæslu og nú vegna nýtilkominnna og stórauðinna útgjalda til hernaðartengdra verkefna. Full ástæða er til að utanríkismálanefnd geti, bæði að eigin frumkvæði og í samstarfi við utanríkisráðuneytið og undirstofnanir þess, sinnt sínu eftirlits- og aðhaldshlutverki, verið þátttakandi í stefnumótun og fylgt málum eftir af hálfu Alþingis.

Hvað varðar einstaka útgjaldaliði ráðuneytisins gagnrýnir undirritaður harðlega þau nýtilkomnu og stórfelldu útgjöld til hernaðartengdra verkefna sem í fjárlagatillögunum felast og í raun bæði í fjárlagagæslumvarpi fyrir yfirstandandi ár og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008. Undirritaður telur þessi útgjöld illa ígrunduð, alla stefnumótun af hálfu stjórnvalda vera handahófskennda og enn eru ítrekuð loforð um að búa til þverpólitískan samráðsvettvang stjórnmalaflokka um öryggismál vanefnd.

Ef litið er til stærstu útgjaldaliðanna sem til falla á málsviði utanríkisráðuneytisins stingur í augu nýr kostnaður, til sk. varnarmála upp á 522,3 m.kr. Er þar f.o.f. á ferðinni kostnaður af því að helda hér uppi erlendum herjum og herflugvélasveitum við æfingar og/eða eftirlit. Í öðru lagi rekstur ratsjárstofnunar upp á 830 m.kr. eða þar um bil. Í þriðja lagi mun rekstur fastanefndar Nató í Brussel kosta 100 m.kr. og árgjöld til Nató 65 m.kr. Er þá fjarri því að allt sé talið því þar til viðbótar koma miklar fjárhæðir sem ráðstafað hefur verið til hergagna- eða loftflutninga á vegum Nató, auk þess sem ljóst er að ýmis kostnaður fellur til hjá stofnunum sem heyra undir önnur ráðuneyti, svo sem Landhelgisgæslu, ríkislögreglustjóra, lögreglu og sýslumannsembætti, einkum sýslumannsembættið á Suðurnesjum.

Samtals munu því, skv. fjárlagagæslumvarpi fyrir yfirstandandi ár og fjárlagagæslumvarpi fyrir næsta ár, renna fjármunir af stærðargráðunni allt að tveir og hálfur milljarður króna til nýrra hernaðartengdra verkefna úr ríkissjóði. Þessum fjármunum telur undirritaður að væri betur varið til að efla innlendir borgaralegar stofnanir, efla björgunarstarfsemi Landhelgisgæslunnar, búa betur að björgunarsveitum, styrkja almannavarnir, efla almenna löggæslu og þar fram eftir götunum. Engin haldbær rök hafa verið færð fram fyrir því að þessi miklu útgjöld, sem ærin ástæða er til að ætla að muni vefja upp á sig og aukast á komandi misserum, séu brýnustu verkefni dagsins til að efla öryggi íslenskra borgara. Er sönnu nær að auknir fjármunir til að bregðast við atburðum innanlands, eins og náttúruhamförum, eldgosum og jarðskjálftum, eða vá af öðrum toga, væri nærtækari. Ein röksemdin sem færð er fram er vaxandi umferð í norðurhöfum, einkum umferð olíuflutningaskipa, en augljóst er að fráleitt það brýnasta í þeim efnum er að halda uppi erlendum herjum og orustuflygsveitum við æfingar hér á landi. Nær væri að efla raunverulegan viðbúnað, afla tækja, kaupa búnað og þjálfa mannskap, til að takast á við möguleg mengunarslys, efla björgunarviðbúnað og siglingaeftirlit og annað af því tagi í samstarfi við aðrar þjóðir sem eiga land hér á norðurslóðum. Það að nota mögulega hættu af siglingum olíuskipa sem yfirskin til að réttlæta stórfelld ný hernaðarútgjöld er ekkert nema blekkingaleikur.

Undirritaður og flokkur hans gagnrýna harðlega þessa hervæðingu eða hernaðarútgjaldavæðingu íslensku fjárlaganna og munu greiða atkvæði gegn hinum nýju útgjaldaliðum á þessu sviði sem órökstutt og án undangenginnar stefnumótun og þarfagreiningar á nú að fara að reiða af hendi.

Hvað varðar útgjöld til friðargæslu þá er undirritaður því að sjálfsögðu fylgjandi að við Íslendingar leggjum okkar að mörkum á því sviði, enda sé það gert á þeim forsendum sem okkur henta og samrýmast okkar friðar- og vopnleysisarfleifð annars vegar og anda og markmiðum nýrra laga um friðargæsluna hins vegar. Það verður hins vegar ekki sagt um öll verkefni friðargæslunnar í dag og alls ekki hið kostnaðarsama úthald í Afganistan. Krafa minni hlutans er að liðsaflinn verði kallaður heim frá Afganistan og þátttaka Íslands í friðargæsluverkefnum verði endurskipulögð.

Þó veruleg autgjaldaaukning utanríkisráðuneytisins undanfarin ár stafi vissulega aðallega af auknum verkefnum eins og áður er vísað til er einnig um umtalsverða aukningu rekstrar- og launakostnaðar að ræða vegna fastastarfsemi utanríkisþjónustunnar eins og ríkisendurskoðun hefur m.a. bent á. Væri full þörf á að fara betur ofan í saumana á rekstrar- og launakostnaðarliðum og þ.á.m. kanna hvort um óeðlilega mikið launaskrið er að ræða í ákveðnum tilvikum.

Síðast en ekki þykir undirrituðum ástæða til að gagnrýna það, að enn hafa utanríkismálanefnd ekki borist neinar upplýsingar um hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar á stjórnarráðinu muni hafa á utanríkisráðuneytið, t.d. starfsemi á vegum þess í Keflavík.

Alþingi, 12. nóvember 2007.

Steingrímur J. Sigfússon